



## Fundargerð

7. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 þriðjudaginn 10. mars 2026, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Sveinn Hreiðar Jenson, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.  
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu  
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá fundar:

- Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan
- Aðalfundur og árshátíð – staða
- Önnur mál

[Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan](#)

Dagleg verkefni á við greina- og bloggskrif, vefumsjón, efnissköpun og dreifing á innlendum og erlendum samfélagsmiðlum Markaðsstofunnar, samskipti við hagaðila, svörun fyrirspurna ofl. Einnig er spjallmennið Sunna enn í þjálfun.

[Samstarf Markaðsstofa landshlutanna](#)

### **MAS og Cruise Iceland – samþykki stjórnar vegna viljayfirlýsingar**

Cruise Iceland og Markaðsstofur landshlutanna hafa lýst yfir vilja sínum til að finna leiðir til að efla samstarf um þróun á móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi. Markmiðið með því er að byggja upp sameiginlegan og faglegan samstarfsvettvang sem styður við sjálfbæra þróun ferðaþjónustu í öllum landshlutum og tekur mið af ólíkri stöðu svæða. Meginmarkmiðin með samstarfinu eru að:

- Efla samráð og samhæfingu á landsvísu

- Stuðla að sjálfbærri þróun í komum skemmtiferðaskipa á hverju svæði
- Efla upplýsingamiðlun, rannsóknir og tölfræði
- Stuðla að bættum innviðum og auknu öryggi á hverju svæði fyrir sig
- Stuðla að vöruþróun og uppbyggingu áfangastaða
- Auka markaðssetningu Íslands og landshluta í tengslum við skemmtiferðaskip

Viljayfirlýsingin er leiðbeinandi til næstu tveggja ára en að því loknu eða fyrr ef forsendur breytast, verður farið í endurskoðun og metið hvernig til hafi tekist. Viljayfirlýsingin felur ekki í sér skuldbindingar (m.a. fjárhag og starfsfólk) enda hafa aðgerðir ekki verið fjármagnaðar. Umræða um mikilvægi komu skemmtiferðaskipa fyrir minni bæjarfélög úti á landi.

Viljayfirlýsingin var lögð fyrir stjórn sem fagnaði samstarfinu og samþykkti þátttöku Markaðsstofu Suðurlands í henni.

### **Stefnumótun MAS**

Fyrstu niðurstöður stefnumótunarfundar komu til forstöðumanna í mánuðinum og mun hópurinn vinna úr þeim á næstu misserum.

### [Sýningar og vinnustofur](#)

#### **ITB Berlín**

Framkvæmdastjóri fór fyrir hönd Markaðsstofu Suðurlands á ferðakaupstefnuna ITB Berlín sem fór fram dagana 3.-5. mars sl. Íslandsstofa stóð fyrir stórum og fallegum Íslandsbás þar sem um 35 fyrirtæki komu saman og kynntu ferðaþjónustu á Íslandi. Það kom fram að sýningin er alveg risastór og sérstaklega góð til að styrkja tengslanetið. Samkvæmt framkvæmdastjóra eru vinnustofurnar hinsvegar dýrmætari fyrir Markaðsstofuna.

#### **Vestnorden og post tour**

Ferðakaupstefnan Vestnorden verður haldin í Grænlandi dagana 22.-23. september nk. Markaðsstofan mun eiga þar fulltrúa að venju. Í kjölfar Vestnorden er venjan að kaupendur eigi kost á að fara í ferðir til að kynna sér löndin þar sem sýningin fer ekki fram það árið. Í ár bjóða Suðurland, höfuðborgarsvæðið og Reykjanes sameiginlega upp á ferð um svæðin og er skipulagning í fullum gangi. Lagt er upp með ferðin leggji áherslu á *Wellness* og höfum við af nægu að taka þar. Skila á tillögu að ferðinni í mars. Boðið er upp á Pre-tour í sýningarlandinu.

### [Byggðastofnun styrkir vegna C.1. – Sögunslóðir á Suðurlandi og Eldfjallaleiðin](#)

Í upphafi árs var opið fyrir umsóknir hjá Byggðastofnun um styrki í aðgerð C.1. – Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta sótt um í sjóðinn og sótti SASS um verkefnið „Sögunslóðir á Suðurlandi“ og mun Markaðsstofa Suðurlands vera framkvæmdaraðili. Auk þess sóttu Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum um verkefnið „Eldfjallaleiðin – markaðssetning og miðlun“ þar sem Markaðsstofa Reykjaness og Markaðsstofa Suðurlands munu vinna saman. Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra úthlutaði styrkjum að upphæð 170 milljónum kr. til fjórtán fjölbreyttra verkefna og hlaut Sögunslóðaverkefnið alls kr. 6,5 milljónir og Eldfjallaleiðin kr. 4,5 milljónir. Markmiðið

með aðgerðinni er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaaætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna.

*Verkefnið vegna Eldfjallaleiðarinnar miðar að því að miðla þekkingu um eldvirkni, áhrif hennar á náttúru og samfélög og skapa virðisaukandi tækifæri í ferðaþjónustu. Ferðaleiðin var þróuð af íbúum og ferðaþjónustuaðilum. Styrkur verður nýttur til að fjármagna markaðssetningu, samræmda framsetningu og þróun verkfæra sem styðja ferðaþjónustuaðila, sveitarfélög og gesti með aðlaðandi, jákvæðri og uppbyggilegri miðlun.*

*Verkefnið Söguhlóðir Suðurlands byggir á fyrri reynslu markaðsstofunnar við þróun á Eldfjallaleiðinni, og felst það í að þróa heildstæða, þemabundna og sögutengda ferðaleið sem nýtist sem sameiginlegt verkfæri fyrir landshlutann til að styðja byggðapróun, dreifingu ferðamannastraums og aukna staðbundna verðmætasköpun. Leiðin er hugsuð sem tól fyrir ferðaþjónustuaðila til að hvetja gesti til að dvelja lengur, skipuleggja ferðir með fleiri viðkomustöðum og upplifa fjölbreyttari hluta Suðurlands.*

Rætt að skoða þetta í samhengi við *Menningarleiðir Evrópu* eins og var kynnt í Ferðaþjónustuvíkunni, en dæmi um slíkar leiðir eru t.d. Jakobsvegurinn, Leonardo Da Vinci leiðin og Víkingaleiðin. Þar eru mögulega góð tækifæri til að koma verkefninu á framfæri að því loknu. Kanna einnig hjá Íslandsstofu hver staðan er núna á sögu- og menningarverkefninu þar.

#### Markaðsáherslur fyrir erlenda markaði 2026

Verkefnastjórar markaðsmála og framkvæmdastjóri funduðu með Íslandsstofu og PR fulltrúum þeirra markaða sem Finn Partners sjá um fyrir Íslandsstofu, US, UK, Þýskaland og Frakkland. Þar voru áherslur Suðurlands kynntar og fengu fulltrúar senda kynningu og frekari punkta um hvert efni. Hér má sjá þær áherslur sem kynntar voru;

- **Geothermal Culture** - *Geothermal energy that shapes culture, cuisine and everyday life.*
- **Winter Travel** - *A leading winter destination defined by quality of darkness, light, stillness and immersion.*
- **History and culture** - *One of Iceland's richest regions for history, sagas and living storytellers.*
- **Active landscapes** - *A natural arena for endurance and mindful movement in volcanic landscapes.*
- **Small-town rhythm** - *that turns travelers into temporary locals.*

Auk þess var í framhaldinu unnið að uppfærslu á „Traveltrade“ hlutanum á south.is sem er miðaður að ferðasölum og fjölmiðlum. Þarna er nú að finna þessar áherslur auk fréttar af fyrirtækjum og áhugaverðar sögur og samantektir um ferðaþjónustu á Suðurlandi. Markmiðið er að efla þessa síðu til miðlunar upplýsinga til þessara markhópa. Hlekkur á síðuna er: <https://www.south.is/en/travel-trade>

#### Almyrkvi á sólu þann 12. ágúst nk.

Búið er að stofna til stýrihóps á vegum stjórnvalda um aðgerðir tengdar almyrkvanum. Þar eiga áheyrnarfulltrúa þær markaðsstofur landshluta sem eru í almyrkvaslóðinni. Fulltrúar allra markaðsstofanna, Ferðamálastofu, Íslandsstofu og SAF funda svo reglulega þar sem rædd eru nýjustu

málefni og upplýst um efni funda stýrihóps. Búist er við miklum fjölda gesta til landsins á þessum tíma og er mikilvægt að innviðir séu tilbúnir til að taka mannfjöldanum.

### Samstarf við sveitarfélög og SASS

Fundað var með nýjum fulltrúa í faghóp sveitarfélaganna frá Vestmannaeyjum þar sem starfsemi Markaðsstofunnar var kynnt ásamt því að rædd voru næstu skref í samstarfinu. Einnig rætt hvort það kæmi til greina að halda aðalfund og ársátíð Markaðsstofunnar í Vestmannaeyjum í ár, vel var tekið í það og verða möguleikarnir skoðaðir í framhaldi með starfsfólki MSS.

Einnig var fundað með byggðaþróunarfulltrúa Skaftárhrepps og forstöðukonu Kirkjubæjarstofu um fund með ferðaþjónustuaðilum í hreppnum í mars. Framkvæmdastjóri mun mæta og kynna starfsemi markaðsstofunnar.

Um miðjan mánuðinn undirrituðu framkvæmdastjórar SASS og MSS samning sín á milli um aukið samstarf um ferðaþjónustutengd málefni. Framkvæmdastjóra var boðið á fund byggðaþróunarfulltrúa og þegar eru komin af stað nokkur verkefni sem MSS tekur þátt í, t.d. skipulag stórs viðburðar í haust, greining og ráðgjöf til fyrirtækja.

### Fundir í febrúar

- Outlook Travel – Umfjöllun um Suðurland í júní útgáfu
- Menntamorgun ferðaþjónustunnar 17.febr
- Fundur með Icelandair um samstarf um markaðsherferð
- Mánaðarlegur fundur forstöðumanna MAS
- Kynning á Markaðsstofunni og ábyrgri myndbirtingu í Menntaskólanum á Laugarvatni
- Fundur með Discover the World um gistimöguleika fyrir skólahópa

### Aðalfundur og ársátíð – staða Vestmannaeyjar maí 2026

Ákveðið var á síðasta fundi stjórnar Markaðsstofunnar að kanna möguleika á að halda aðalfund og ársátíð Markaðsstofunnar í Vestmannaeyjum þann 8. maí nk. Lagt til að færa þetta til fimmtudagsins 7. maí. Að öðru leyti er unnið að skipulagi með heimafólki. Markaðsstofan verður einnig tilbúin með plan B, komi til þess að siglingar verði ekki hafnar frá Landeyjarhöfn.

### Önnur mál

Nú stýttist í aðalfund og eru stjórnarmenn því beðnir um að huga að því hvort gefi áfram kost á sér í stjórnarsetu. Einnig verður óskað eftir tilnefningum frá félögum/samtökum.

Fundi slitið 11:25